

Sveitarsjóður Tjörneshrepps

Ársreikningur 2019

Tjörneshreppur
Ketilsstöðum
Tjörnesi
641 Húsavík

kt. 650269-5789

Sveitarsjóður Tjörneshrepps

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit.

Áritun endurskoðenda	2-3
Áritun sveitastjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Heildaryfirlit yfir rekstur	9
Skýringar	10-14

Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Tjörneshrepps

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Tjörneshrepps fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins. Hann greinist í áritun sveitarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Tjörneshrepps á árinu 2019, efnahag hans 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Tjörneshrepp í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð sveitarstjórnar og oddvita á ársreikningnum

Sveitarstjórn og oddviti eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil sveitarfélaga. Sveitarstjórn og oddviti eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og oddvita að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

- Öflun fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álitum okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Akureyri, 19. maí 2020

Deloitte ehf.


Ragnar Johann Jónsson
endurskoðandi

Áritun sveitarstjórnar

Ársreikningur Tjörneshrepps er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Starfsemi sveitarfélagsins tekur eingöngu til starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, þ.e. A hluta. Engin B hluta fyrirtæki eru í eigu sveitarfélagsins, þ.e. fyrirtæki sem að hálfu eða meira hluta eru í eigu sveitarfélagsins.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins námu samtals kr. 46.235.550 og rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um kr. 18.888.661. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir sveitasjóðs kr. 112.819.043, bókfært eigið fé í árslok er kr. 110.807.997 og eiginfjárhlutfall sveitasjóðs er 98%.

Að áliti sveitarstjórnar Tjörneshrepps koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sveitarfélagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Sveitarstjórn Tjörneshrepps staðfestir hér með ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.


Tjörnesi, 19. maí 2020

Í sveitarstjórn Tjörneshrepps




Aðalsteinn J. Halldórsson
oddviti


Sveinn Egilsson



Jón Gunnarsson



Smári Kárason



Katý Bjarnadóttir



Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Tekjur			
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs		33.541.072	31.897.531
Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		12.342.150	8.521.413
Ýmsar tekjur		352.328	239.560
		46.235.550	40.658.504
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	9	7.849.352	5.553.562
Annar rekstrarkostnaður		19.997.426	16.698.701
		27.846.778	22.252.263
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		18.388.772	18.406.241
Afskriftir		665.612	665.612
Rekstrarniðurstaða fyrir vexti		17.723.160	17.740.629
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		1.165.501	340.924
Rekstrarniðurstaða		18.888.661	18.081.553

Efnahagsreikningur

		Eignir	
	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Fasteignir	3,4	<u>12.972.931</u>	<u>13.638.543</u>
		<u>12.972.931</u>	<u>13.638.543</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Eignarhlutar í félögum	5	<u>12.587.299</u>	<u>13.904.598</u>
		<u>12.587.299</u>	<u>13.904.598</u>
	Fastafjármunir	<u>25.560.230</u>	<u>27.543.141</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur			
Óinnheimtar tekjur		2.091.554	2.413.417
Skammtímakröfur	6	1.191.539	1.240.110
Kröfur á eigin fyrirtæki		0	161.645
		<u>3.283.093</u>	<u>3.815.172</u>
Handbært fé			
Bankainnstæður		<u>83.975.720</u>	<u>64.827.729</u>
		<u>83.975.720</u>	<u>64.827.729</u>
	Veltufjármunir	<u>87.258.813</u>	<u>68.642.901</u>
	Eignir	<u>112.819.043</u>	<u>96.186.042</u>

31. desember 2019

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Eigið fé			
Eigið fé	7	<u>110.807.997</u>	<u>91.919.336</u>
Eigið fé		<u>110.807.997</u>	<u>91.919.336</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		0	2.707.853
Næsta árs afborganir		<u>0</u>	<u>(833.186)</u>
		0	1.874.667
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		992.633	663.971
Skuldir við eigin fyrirtæki.....		31.784	0
Aðrar skammtímaskuldir.....		986.629	894.882
Næsta árs afborganir langtímalána.....		<u>0</u>	<u>833.186</u>
		<u>2.011.046</u>	<u>2.392.039</u>
Skuldir		<u>2.011.046</u>	<u>4.266.706</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>112.819.043</u></u>	<u><u>96.186.042</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Niðurstaða ársins		18.888.661	18.081.553
Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Niðurfært hlutafé í Greiðri leið ehf.		567.299	0
Niðurfært hlutafé í Hjörnesi ehf.		750.000	0
Reiknaðar afskriftir		665.612	665.612
Verðbætur og gengismunur		24.971	93.846
Veltufé frá rekstri		<u>20.896.543</u>	<u>18.841.011</u>
Breytingar á skammtímalíðum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		370.434	(771.800)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		420.409	(1.006.865)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>790.843</u>	<u>(1.778.665)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>21.687.386</u>	<u>17.062.346</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Eignarhlutir í félögum, breyting		0	(3.000.000)
Kröfur við eign fyrirtæki, breyting		161.645	2.985.860
Fjárfestingarhreyfingar		<u>161.645</u>	<u>(14.140)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting		31.784	0
Afborganir langtímalána		(2.732.824)	(815.544)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(2.701.040)</u>	<u>(815.544)</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		19.147.991	16.232.662
Handbært fé í upphafi árs		<u>64.827.729</u>	<u>48.595.067</u>
Handbært fé í lok árs		<u>83.975.720</u>	<u>64.827.729</u>

Rekstraryfirlit ársins 2019

Aðalsjóður	Rekstrar- niðurstaða	Tekjur samtals	Skatt- tekjur	Framlög jöfnunar- sjóðs	Aðrar tekjur	Rekstrar- gjöld samtals	Laun og launatengd gjöld	Annar rekstrar- kostnaður	Afskriftir	Fjármagns- liðir nettó
00 - Skatttekjur	46.235.550	46.235.550	33.541.072	12.342.150	352.328	4.696.752	2.971.669	1.725.083		0
02 - Félagsþjónusta	(4.696.752)	0	0	0	0	162.398	0	162.398		0
03 - Heilbrigðismál	(162.398)	0	0	0	0	4.680.578	0	4.680.578		0
04 - Fræðslu- og uppeldismál	(4.680.578)	0	0	0	0	3.097.560	440.355	1.991.593	665.612	0
05 - Menningarmál	(3.097.560)	0	0	0	0	178.920	0	178.920		0
06 - Æskulýðs- og íþróttamál	(178.920)	0	0	0	0	1.337.067	0	1.337.067		0
07 - Brunamál og almannavarnir	(1.337.067)	0	0	0	0	3.373.698	0	3.373.698		0
08 - Hreinlætismál	(3.373.698)	0	0	0	0	590.972	0	590.972		0
09 - Skipulags- og byggingarmál	(590.972)	0	0	0	0	350.775	0	350.775		0
10 - Umferðar- og samgöngumál	(350.775)	0	0	0	0	803.813	0	803.813		0
11 - Umhverfismál	(803.813)	0	0	0	0	324.019	0	324.019		0
13 - Atvinnumál	(324.019)	0	0	0	0	8.915.838	4.437.328	4.478.510		0
21 - Sameiginlegur kostnaður	(8.915.838)	0	0	0	0	(1.165.501)	0	0		0
28 - Fjármagnsliðir	1.165.501	0	0	0	0	27.346.889	7.849.352	19.997.426	665.612	(1.165.501)
Aðalsjóður samtals	18.888.661	46.235.550	33.541.072	12.342.150	352.328	27.346.889	7.849.352	19.997.426	665.612	(1.165.501)
Samstæðureikningur A -hluta	18.888.661	46.235.550	33.541.072	12.342.150	352.328	27.346.889	7.849.352	19.997.426	665.612	(1.165.501)

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, lög um ársreikninga, nr 3/2006, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001.

Starfsemi sveitarfélaga er almennt skipt í a og b-hluta, en starfsemi Tjörneshrepps fellur alfarið undir a-hluta og því er ekki um neinn b-hluta að ræða. Til a-hluta telst sveitarsjóður, sem er Aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð.

Helstu reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju sveitarfélaga á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattgildi, svo sem lóðarleiga.

Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.

Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Þjónustutekjur eru tekjufærðar þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Lotun gjalda

Gjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsliða í rekstrarreikningi.

Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu er færð í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir Tjörneshrepps eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni árlegri afskrift sem miðuð er við áætlaðan líftíma eignanna.

Skýringar

Helstu reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Fasteignir, þ.e. varanlegir rekstrarfjármunir sveitarfélagsins, eru færðir á kostnaðarverði að frádreginn árlegir afskrift sem miðuð er við áætlaðan líftíma eignanna. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftartími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins ár afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

Fasteignir..... 35 ár

Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar sveitarsjóðs í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarsjóðs. Ekki er færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs. Bókfærðu verði eignarhluta hefur verið fært niður ef viðkomandi félag hefur verið rekið með verulegu og viðvarandi tapi og hrein eign þess rýnað vegna þess.

Eignir utan efnahags

Hafnarmannvirki, ásamt eignarhluta Tjörneshrepps í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, eru eignir sveitarfélagsins sem ekki eru bókfærðar í efnahagsreikningi.

Skammtíma kröfur

Skammtíma kröfur eru færðar á nafnverði auk áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af innstæðum í bönkum og sambærilegum eignum sem eiga það sameiginlegt að vera handbærar innan þriggja mánaða.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar til verðlags í árslok eins og lánakjör sega til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi skuldir er að ræða.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Félagsheimilið Sólvangur	Samtals
Stofnverð í årsbyrjun.....	20.213.050	20.213.050
Afskrifað áður	(6.574.507)	(6.574.507)
Bókfært verð í årsbyrjun.....	13.638.543	13.638.543
Afskrifað á árinu	(665.612)	(665.612)
Bókfært verð í árslok.....	12.972.931	12.972.931

4. Fasteignamat og váttryggingamat fasteigna sveitarfélagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttrygginga- mat	Bókfært verð
Félagsheimilið Sólvangur.....	5.822.000	32.233.000	12.972.931
	5.822.000	32.233.000	12.972.931

Eignarhlutar í félögum

5.

	Nafnverð	Bókfært verð
Eignarhlutar í öðrum félögum:		
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.....	1.000.000	1.770.000
Sparisjóður Suður Þingeyinga.....	2.122.416	2.000.000
Leigufélag Hvamms ehf.....	1.237.586	0
Hjörnes ehf.....	9.000.000	8.250.000
Greið leið ehf.....	937.470	567.299
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.....	118.182	0
		12.587.299
		12.587.299

Skammtímakröfur

6. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

Eigið fé

7. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	Fjárhæð
Yfirfært frá fyrra ári.....	91.919.336
Hagnaður ársins.....	18.888.661
Eigið fé í árslok.....	110.807.997

Skýringar

Ábyrgðir og önnur mál

9. Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2019	2018
Laun og ökutækjastyrkir.....	6.683.732	4.716.885
Launatengd gjöld	1.165.620	836.677
	7.849.352	5.553.562
Meðalfjöldi starfa	1,7	1,2

10. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2019	2018
Vaxtatekjur af bankainnstæður o.fl.....	1.705.279	932.612
Aðrar fjármunatekjur, þ.m.t. arður	84.897	84.896
	1.790.176	1.017.508
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur.....	(624.675)	(676.584)
	(624.675)	(676.584)
	1.165.501	340.924

Atburður eftir lok reikningsskiladags

11. Mjög óvenjulegar aðstæður hafa nú skapast vegna Kórónuveirunnar Covid-19. Óvissa er um hvaða áhrif þessi staða mun hafa á sveitarfélagið. Það er þó mat stjórnenda sveitarfélagsins að ekki sé vafi um rekstarhæfi þess vegna þessa.

Kennitölur

	2019	2018
12. Í hlutfalli við rekstrartekjur		
Skatttekjur.....	99,2%	99,4%
Laun og launatengd gjöld.....	17,0%	13,7%
Annar rekstrarkostnaður.....	43,3%	41,1%
Rekstrargjöld.....	60,2%	54,7%
Fjármagnsliðir, nettó.....	2,5%	0,8%
Rekstrarniðurstaða.....	40,9%	44,5%
Heildarskuldir.....	4,3%	10,5%

Skýringar

Kennitölur (framhald)

	2019	2018
13. Í þúsundum króna á íbúa		
Skatttekjur	850	735
Aðrar tekjur.....	7	4
Tekjur samtals.....	856	739
Rekstrargjöld.....	516	405
Rekstrarniðurstaða.....	350	329
Eignir.....	2.089	1.749
Eigið fé.....	2.052	1.671
Skuldir.....	37	78
14. Aðrar lykiltölur		
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir.....	43,39	28,70
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn.....	98%	96%
Handbært fé frá rekstri / afkoma.....	1,15	0,94
15. Íbúafjöldi		
Í ársbyrjun.....	55	58
Breyting á árinu.....	(1)	(3)
Í árslok.....	54	55